

**Nd.**

**541. Breytingartillögur**

**[152. mál]**

við frv. til 1. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. 1. másl. orðist þannig:  
Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, stofnaður með lögum nr. 52 10. nóv. 1905.
2. Við 4. gr. Nýr stafliður, e, bætist við, svo hljóðandi:  
Fast framlag á fjárlögum, 2 milljónir króna.
3. Við 8. gr. 1. másl. 2. málgr. orðist svo:  
Að öðru leyti en hér segir er umsjá og rekstur Fiskveiðasjóðs í höndum forstjóra sjóðsins og stjórnar Útvegsbankans.
4. Við 10. gr. 3. másl. orðist svo:  
Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins.
5. Við 14. gr. Greinin falli niður.
6. Við bráðabirgðaákvæði. Upphaf ákvæðanna orðist svo:  
Sjávarútvegsráðgjafar skipar þrjá menn í nefnd til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum ....